



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Símenntunaráætlun Ísaksskóla 2025- 2026

Símenntunaráætlun¹ er unnin árlega. Skólastjóri og verkefnastjóri grunnskólahluta ákveða almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans og óskum starfsfólks. Símenntunarstefna er mótuð í samræmi við kennslufræðilegar áherslur og stefnu skólans að öðru leyti. Samkvæmt gildandi lögum um grunnskóla kemur m.a. fram að sveitarstjórnir skuli greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir (sjá 25. gr.). Einnig er tilgreint í lögnum í kafla um skólaþróun og tilraunaskóla að kennarar og skólastjórar grunnskóla skuli eiga kost á endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf. Til þessa verkefnis skal árlega veitt fé á fjárlögum. Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun um hvernig endurmenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að endurmenntunin sé í sem bestu samræmi við þær áherslur sem fram koma í skólanámskrá (sjá 50. gr.).

Símenntunaráætlunin er mótuð í samræmi við stefnu og áherslur skólans. Einnig er horft til menntastefnu Reykjavíkurborgar. Áætlunin er í stöðugri endurskoðun.

Á starfsárinu 2025–2026 er megináhersla lögð á innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla í samræmi við leiðbeiningar Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS).

Áherslur 2025–2026

Á starfsárinu 2025–2026 hefur vinnan við innleiðingu nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla verið í forgangi hjá Skóla Ísaks Jónssonar í samræmi við leiðbeiningar Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu (MMS). Innleiðingin hófst í janúar 2025 og hefur Þóra Elísabet Kjeld verkefnastjóri faglegs starfs leitt innleiðinguna í nánú samstarfi við fagleg teymi skólans og skólastjóra.

Meginmarkmið símenntunar og starfsþróunar eru að:

- tryggja faglega og samræmda innleiðingu nýju námskrárinnar,
- efla hæfni kennara í að útfæra ný hæfniviðmið,
- samþætta lykilhæfni við námsgreinar,
- þróa námsmat og kennsluhætti,
- styrkja teymisvinnu og faglega umræðu innan skólans.

¹ Símenntun skiptis í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem starfsfólk metur æskilega eða nauðsynlega til þess að styrkja sig í starfi.



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Lögð er áhersla á fjölbreytt námskeið og fagleg verkefni sem sjá má í töflu hér að neðan.

Áætluð námskeið og fagleg vinna 2025–2026

Námskeið eða fagleg vinna	Leiðbeinandi / ábyrgð	Tímasetning
Innleiðing nýrrar aðalnámskrár	Þóra Elísabet Kjeld	Hófst í janúar 2025 og stendur enn yfir
Námslotur og námsmat	Þóra Elísabet Kjeld	Ágúst 2025
Skyndihjálparnámskeið	Ólafur Ingi Grettisson	Ágúst 2025
BOFS-námskeið	Forvarnarteymi Ísaksskóla	Á starfsárinu 2025–2026
Að draga til stafs	Herdís Þórsteinsdóttir og María Björk Daðadóttir	Ágúst 2025
Námskeið fyrir kennara vegna Mentor	Þorkell Cýrusson	Ágúst 2025
iPad-námskeið fyrir kennara	Kolbrún Franklín	September 2025
Fyrirlestur um samskipti og starfsanda	Sigríður Indriðadóttir	Október 2025
Námskeið fyrir kennara vegna Mentor	Þorkell Cýrusson	Janúar 2026
GLEÐI OG GRÓSKA Á VINNUSTAÐNUM	Lella Erludóttir markþjálfari	Janúar 2026
Faggreinateymi kynna áherslur sínar.	Faggreinateymi SÍJ	Mars 2026
Nidra fyrir starfsfólk. Leidd hugleiðsla.	Herdís Þórsteinsdóttir Jógakennari leiðir hugleiðslu	Mars 2026
Fræðsluferð til Calpe í samstarfi við KWAN	Ferðanefnd í samvinnu við skólastjóra	Fyrirhuguð í júní 2026

Framkvæmd símenntunar

Ábyrgð skólans

Skólastjóri og verkefnastjóri grunnskólahluta bera ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunar.



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

Ábyrgð starfsmanna

Starfsfólk ber ábyrgð á eigin símenntun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að efla kunnáttu og hæfni sína, taka virkan þátt í gerð símenntunaráætlunar og óska eftir aðstoð þegar þörf krefur.

Tími til símenntunar

Kennarar hafa allt að 94–150 stundir til símenntunar á ári og annað starfsfólk að minnsta kosti 16 stundir á ári. Tími til símenntunar ræðst af þörfum, áherslum og fjármagni hverju sinni.

Jafnræði til náms

Lögð er áhersla á jafnræði og aðgengi að símenntun fyrir alla starfsmenn. Við forgangsörðun er tekið mið af fyrri þátttöku, starfsþörf og stefnu skólans.

Endurskoðun

Símenntunaráætlun er lifandi skjal í stöðugri endurskoðun og getur tekið breytingum í samræmi við aðstæður, framboð og verkefni. Starfsmaður fær afrit af sinni einstaklingsáætlun en skólastjóri heldur utan um allar einstaklingsáætlanir.

Framhaldsnám

Starfsmenn í framhaldsnámi fá stuðning í formi leyfis á launum til að sækja staðbundnar lotur og semja um það sérstaklega við skólastjóra. Fjarnámsnemar kynna verkefni sín þegar við á. Framhaldsnám telst aðeins hluti af símenntunartíma ef það tengist beint áherslum skólans eða eykur sérhæfingu.